
**Breikkun og lagfæring á Dimmuborgavegi í Mývatnssveit,
Skútustaðahreppi
Ákvörðun um matskyldu**

NIÐURSTAÐA

Það er niðurstaða Skipulagsstofnunar að breikkun og lagfæring á Dimmuborgavegi í Mývatnssveit, Skútustaðahreppi, sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun veur athygli á að framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi Skútustaðahrepps skv. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Fyrirhuguð efnistaka úr Flugvallarnámu er háð framkvæmdaleyfi sveitarstjórnar skv. reglugerð nr. 772/2012. Náman er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matskyldu, vegna stærðar, skv. 6. gr. og lið 2 a í 2. viðauka laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Vegagerðin og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins og vöktun á aðgerðum og áhrifum þannig að framkvæmdin sé ekki líkleg til að valda verulegum og óafturkræfum áhrifum á umhverfið.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 með síðari breytingum má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 4. nóvember 2013.

Skipulagsstofnun

INNGANGUR

Þann 26. ágúst 2013 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Vegagerðinni um fyrirhugaða breikkun og lagfæringu á Dimmuborgavegi í Mývatnssveit, Skútustaðahreppi, samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. og lið 10 c í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Skútustaðahrepps, Mílu ehf., RARIK og Umhverfisstofnunar.

Umsagnir bárust frá Skútustaðahreppi með tölvupósti dags. 27. september 2013, Mílu ehf., með bréfi dags. 17. september 2013, RARIK með bréfi dags. 20. september 2013 og Umhverfisstofnun með bréfi dags. 3. september 2013.

Frekari upplýsingar bárust frá Vegagerðinni með tölvupósti 4. september og bréfi dags. 27. september 2013.

FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARAÐILA

Fyrirhuguð framkvæmd. Fram kemur að framkvæmdin felist í því að núverandi Dimmuborgavegur, sem sé 1,3 km langur, verði breikkaður um 2 – 4 m og verði 7,0 m breiður með 6,8 m breiðu bundnu slitlagi. Endurnýjun vegarins verði samkvæmt vegtegund C7 og hönnunarhraði verði 30 km/klst. Á fyrstu 1000 m verði vegurinn breikkaður um 2 m út á malarpúða sem sé yfir lögnum sem liggja meðfram veginum að sunnanverðu. Á 300 m kafla næst bílastæðinu í Dimmuborgum þurfi að raska landi meðfram veginum að sunnan til þess að breikka hann. Hækka þurfi veginn um 0,3-0,4 m og kantar verði með hallanum 1:2.

Áhrif á núverandi landnotkun. Fram kemur að með framkvæmdinni muni aðkoma að Dimmuborgum batna vegna breiðari vegar. Líklega muni draga úr umferðarhávaða og mengun þar sem ekki þurfi lengur að stoppa farartæki þegar þau mætast. Gott pláss verði fyrir óvarða vegfarendur á veginum. Á framkvæmdatíma kunni að þurfa að loka veginum tímabundið. Gert sé ráð fyrir að framkvæmdir hefjist haustið 2013, þegar mestu ferðamannaumferðinni sé lokið og að bundið slitalag verði lagt á veginn vorið 2014 áður en umferð ferðamanna verði mikil.

Framkvæmdin er innan verndarsvæðis Mývatns og Laxár, þar sem vegurinn liggur innan verndarsvæðis votlendis og á jaðri friðlýsts svæðis Dimmuborga.

Framkvæmdin muni hafa óveruleg áhrif á jarðmyndanir og tímabundin óveruleg áhrif á gróður og fugla. Samkvæmt bréfi minjavarðar Norðurlands eystra, dags. 30. ágúst 2013, séu garðhleðslur (SP-206:038) rétt vestan vegar skammt sunnan túns, sem nái alveg að því raski sem hafi orðið við gerð núverandi vegar og litlu norðar, um 70 metrum austan vegarins sé hlaðið aðhald (SP-2016:022). Við vettvangsskoðun á um 100 metra belti við vegarstæðið hafi ekki fundist aðrar minjar. Ekki megi hrófla við ofangreindum minjum og þurfi því að haga verki í samræmi við það.

Fram kemur að meðfram veginum liggja vatnslagnir, jarðsími og rafmagnsstrengur sem ekki sé gert ráð fyrir að þurfi að raska og að lagnirnar verði í vegfláa að framkvæmd lokinni.

Fram kemur að efnispörf sé áætluð 6-7.000 m³. Í efra burðarlag og klæðingu þurfi um 1.200 m³ og í neðra burðarlag um 5.000 m³. Allt efni verði tekið úr námu, svonefndri „Flugvallarnámu“, sem sé á Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011-2023. Samkvæmt upplýsingum frá skipulags- og byggingarfulltrúa Skútustaðahrepps hafi náman ekki framkvæmdaleyfi. Þegar Vegagerðin sækir um framkvæmdaleyfi hjá Skútustaðahreppi verði sótt um leyfi til vegagerðar og tímabundinnar efnistöku vegna vegagerðarinnar.

Samræmi við skipulagsáætlanir. Fram kemur að framkvæmdin sé í samræmi við Aðalskipulag Skútustaðahrepps 2011-2023.

Fram kemur að tilgangur framkvæmdarinnar sé að auka öryggi vegfarenda sem leið eiga um Dimmuborgaveg.

ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARAÐILA

Almennt. Í umsögnum Skútustaðahrepps, Rarik og Umhverfisstofnunar kemur fram það álit að fyrirhuguð framkvæmd skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Míla ehf. hefur upplýst að það sé misskilningur að fyrirtækið eigi lagnir á framkvæmdasvæðinu.

Áhrif á núverandi landnotkun. Sveitarstjórn Skútustaðahrepps telur að um sé að ræða þarfa framkvæmd sem tryggja muni aukið umferðaröryggi og muni auk þess koma í veg fyrir utanvegaakstur með tilheyrandi landspjöllum.

Áhrif á landslag. Umhverfisstofnun bendir á að um er að ræða breikkun vegar yfir svæði sem raskað var við lagningu jarðstrengja meðfram veginum og því þurfi nánast ekkert að hreyfa við óröskuðu landi. Efni til framkvæmdarinnar verði flutt úr svokallaðri Flugvallarnámu. Bent er á að framkvæmdin er á fjölsóttum ferðamannastað og því þurfi að snyrta nágrenni vegarins og ganga frá raski við hann. Í því sambandi er sérstaklega bent á rask vegna efnistöku innan vegsvæðisins við stöð 300, sem stofnunin telur að Vegagerðin ætti að ganga frá. Einnig þurfi að leggja meiri metnað í gerð og frágang bílastæða við veginn.

Vegagerðin svarar því að hún sé sammála Umhverfisstofnun um að það sé nauðsynlegt að ganga frá námu við stöð 300, en hún sé að stærstum hluta utan veghelgunarsvæðis Dimmuborgavegar. Vegagerðin hafi ekki tekið þar efni og telji eðlilegt að sá aðili sem fékk leyfi til efnistöku þar gangi frá. Vegna þess hve náman er áberandi séð frá veginum er Vegagerðin þó tilbúin til að taka þátt í aðgerðum til að minnka sjónræn áhrif af henni með því að koma fyrir efni í botni námunnar, ef fjárveiting fæst. Bent er á að Vegagerðin ber ekki ábyrgð á bílastæðum við Dimmuborgaveg og hefur því ekki áform um aðgerðir til að bæta frágang þeirra. Hins vegar er á einum stað, við stöð 550, lítið bílastæði sem er án aðskilnaðar við veginn og telst því hluti af honum. Því verða jaðrar þess lagaðir um leið og vegurinn verður endurbyggður. Gert er ráð fyrir að stæðið verði lagt klæðingu og hraungrjóti komið fyrir við útmörk þess til afmörkunar.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða að núverandi Dimmuborgavegur, sem er 1,3 km langur, verður breikkaður um 2 – 4 m og verður að því loknu 7,0 m breiður með 6,8 m breiðu bundnu slitlagi. Hönnunarhraði verður 30 km/klst. Á fyrstu 1000 m verður vegurinn breikkaður út á malarpúða sem er yfir lagnir sem þar liggja meðfram honum en vegkantinum hinum megin verður ekki raskað. Á 300 m kafla næst bílastæðinu í Dimmuborgum mun þurfa að raska landi meðfram veginum til að breikka hann.

Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matskyldu þar sem vegurinn liggur innan verndarsvæðis votlendis, er fellur undir verndarsvæði Mývatns og Laxár. Tilkynningin er samkvæmt 6. gr. og lið 10 c í 2. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b.

Skipulagsstofnun telur að áhrif af breikkun og lagfæringu Dimmuborgavegar á umhverfi vegarins verði óveruleg. Megin hluti framkvæmdarinnar verður á svæði þar sem landi meðfram veginum var raskað við lagningu veitulagna að þjónustumiðstöð við Dimmuborgir.

Tekið er undir ábendingu Umhverfisstofnunar um að í tengslum við framkvæmdina verði gengið frá raski vegna efnistöku á mótis við stöð 300.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 með síðari breytingum hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Vegagerðarinnar við tilkynningu, umsagnir og viðbrögð Vegagerðarinnar vegna þeirra. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að breikkun og lagfæring á Dimmuborgavegi í Mývatnssveit sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi Skútustaðahrepps skv. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Fyrirhuguð efnistaka úr Flugvallarnámu er háð framkvæmdaleyfi sveitarstjórnar skv. reglugerð nr. 772/2012. Náman er tilkynningarskyld til ákvörðunar um

matsskyldu, vegna stærðar, skv. 6. gr. og lið 2 a í 2. viðauka, laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Vegagerðin og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins og vöktun á aðgerðum og áhrifum þannig að framkvæmdin valdi ekki verulegum og óafturkræfum áhrifum á umhverfið.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000, með síðari breytingum, má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 4. nóvember 2013.

Rut Kristinsdóttir

Þóroddur F. Þóroddsson



Skipulagsstofnun